

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir sambýli

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Sambýli er hvert það hús eða húshluti þar sem íbúum er veitt þjónusta allan sólarhringinn.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar sem íbúðarhúsnæði.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfseminna sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Ef snyrting og baðaðstaða er ekki í beinu sambandi við herbergi skal hún vera nærliggjandi. Á slíkum sameiginlegum snyrtingum skulu vera einnota handþurrkur og fljótandi handsápa við handlaugar. Ekki skulu vera fleiri en 10 íbúar um hverja snyrtingu.
- 2.5 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.
- 2.6 Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3m² fyrir hreyfihamlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.
- 2.7 Starfsfólk á að hafa greiðan aðgang að salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum.
- 2.8 Þar sem óvarin lyf og sjúkragögn eru meðhöndluð skal vera handlaug.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifin reglulega. Hreinlætisáætlun fyrir sameiginleg rými skal vera skrifleg, þar skal m.a. koma fram hvornig staðið skuli að sótthreinsun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók og samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.5 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.
- 3.6 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið, nema að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðila.

4. Matvæli

- 4.1 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
- 4.2 Í eldhúsi skal vera uppþvottavél.
- 4.3 Á sambýlum með 10 manns eða fleiri skal vera sérstök handlaug í eldhúsi með tilheyrandi búnaði.

5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Meðferð úrgangs og geymsla skal vera með þeim hætti að ekki stafi óþrífnaður og ónæði af.
- 5.3 Spilliefnum þ.m.t. nálar og oddhvass úrgangur skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.
- 5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 85.31.4 Heimili fyrir fatlaða., 85.11.44 Vistheimili